

4. bekkur

Tillögur að leiðarlýsingu fyrir börn í 4. bekk

Skólavefurinn býður upp gott og áhugavert efni fyrir nemendur í 4. bekk grunnskóla og eru foreldrar hvattir til að kynna sér eftirfarandi leiðarlýsingu vel til að eiga auðveldara með að aðstoða börn sín með að tileinka sér efni á vefnum.

Rétt er að taka það fram að hér verður einungis stiklað á stóru, en vikið að helstu grunnþáttum sem foreldrar og nemendur geta svo byggt ofan á. Þá viljum við benda á að nýtt efni fyrir þennan aldurshóp kemur inn í hverri viku.

1) Undirbúningur fyrir samræmd próf í íslensku og stærðfræði

Í október á hverju ári þreyta börn í 4. bekk samræmd próf í íslensku og stærðfræði þar sem þekking þeirra er könnuð miðað við það sem kveðið er á um í námskrá. Þó svo að niðurstöður prófanna skipti ekki öllu máli fyrir framvindu barnsins í námi, gefur góður árangur í slíkum prófum börnum aukið sjálfstraust og eykur áhugann á að gera enn betur.

10. Jóhanna á þessa peninga. Hvað vantar hana margar krónur til að eiga 1000 kr.?



[Svipaðar spurningar úr öðrum samræmdum prófum](#)

[Æfingaspurningar](#)

- A. ? | 195
B. ? | 245
C. ? | 295
D. ? | 805

Sýnishorn af dæmi í samræmdu prófi í stærðfræði fyrir 4. bekk.

Eldri samræmd próf

Prófin eru ólík frá ári til árs en þættirnir sem prófað er úr eru að stærstum hluta þeir sömu og uppbygging prófanna með svipuðu sniði. Það hlýtur því alltaf að vera góð og gagnleg þjálfun að prófa sig í eldri prófum, þó ekki væri nema til að venjast slíkum spurningum og hvernig þær eru settar upp.

Á Skólavefnum bjóðum við upp á eldri samræmd próf í gagnvirkum búningi sem börnin geta þreytt í hentugum einingum og séð þá hvar þau standa, hvað þarf að bæta o.s.frv. Þið getið nálgast íslenskuprófin allt frá árinu 2000 og stærðfræðiprófin frá árinu 1998.

Þjálfunarnámskeið fyrir samræmd próf

Þá bjóðum við einnig upp á þjálfunarnámskeið þar sem tekin eru fyrir öll helstu atriði sem lögð eru til grundvallar samkvæmt námskrá og getur verið gott að fylgja því eftir til að hafa ákveðna reglu á hlutunum. Þjálfunarnámskeiðin þjóna einkum þeim tilgangi að hjálpa nemendum að skipuleggja vinnu sína, en þar fylgja þeir föstu prógrammi sem byggir á daglegum æfingum sem ætti ekki að taka meira en hálf tíma að fara yfir. Þannig ætti það ekki að trufla annað heimanám.

2) Íslenska

Bókmenntir og lestur

Forsíða	
Íslenska	
Bókmenntir og lestur	
hér	1. - 4. bekkur
	5. - 7. bekkur
	8. - 10 bekkur

Í bókmenntum og lestri bjóðum við upp á fjölbreytt úrval af áhugaverðu efni, þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Til að fara inn í bókmenntir og lestur fyrir þennan aldurshóp smellið þið á íslenska – bókmenntir og lestur og þaðan á 1.-4. bekkur. Síðan færið þið ykkur niður eftir síðunni og skoðið hvað er í boði.

Í bókmenntum og lestri fyrir 4. bekk mælum við með að byrjað sé á hinni stórskemmtilegu sögu um hann Tuma þumal. Er hún í 14. köflum, skemmtilega myndskreytt, með gagnvirkum orðskýringum og þá fylgja hverjum kafla gagnvirkar æfingar sem taka mið af því sem kveðið er á um í aðalnámskrá fyrir þennan aldurshóp. Að venju er einnig hægt að hlusta á kaflana upplesna.

Það er rétt að benda fólki á að gagnvirku æfingarnar sem og útprentanlega efnið er hægt að finna neðst á hverri kaflasíðu, en útprentanlega efnið er einnig hægt að nálgast beint af bókmenntasíðunni.



- Forsíðan á heildstæða bókmenntaverkinu um Tuma þumal:

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/islenska/bokmenntir/framhalds_sogur/Tumi_Thumall/start_1.html

- Dæmi um prentútgáfu af sögunni um Tuma þumal – (5. kafli):

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/islenska/bokmenntir/framhalds_sogur/Tumi_Thumall/5_kapituli/5_kafli.pdf

Ath! Við viljum vekja sérstaka athygli á því að flestum sögum og köflum í sögum fylgja góð verkefni og æfingar hvort heldur er á prenti eða í vefútgáfu. Þar er t.a.m. heilmikil málfræði. Þá eru allar sögurnar upplēsar.

Sögusafn barnanna Fjölbreyttar sögur með hugleiðingum

Rannsóknir hafa sýnt að traustur og góður lesskilningur fer saman við árangur í öðrum námsgreinum, s.s. stærðfræði, og því leggjum við á Skólavefnum mikla áherslu á að börn þjálfí sig vel í lestri og vinni með þann lestur á skipulagðan hátt.

Því bjóðum við upp á vandaða nýja sögu á hverjum mánuðegi í vefsíðuútgáfu. eru þær skemmtilega myndskreyttar og þar er einnig hægt hlusta á þær upplesnar. Hefur þessi liður notið mikilla vinsælda enda er hér um að ræða góðar sögur úr ýmsum áttum sem miða að því að skemmta krökkum og um leið að fræða þá um þekktar persónur eða atburði í sögunni.

- **Dæmi um sögu:**

http://www.skolavefurinn.is/opid/islenska/bokmenntir/ymsar_sogur/landnam_islands/landnamid_1_index.html



ÆVINTYRI OG NJÓDSÖGUR

Fundur Íslands I.

Úr Íslendisögunni - Um fyrsta ferðie norrenna manna til Íslands.

Fjölbreyttar sögur sem taka mið af námskrá.

A. Naddoðdur (Naddoður)

Einu sinni var víkingur sem hét Naddoðdur. Hann var staddur í Norrgi. Hann ætlaði að fara til Fereyja á víkingaskipi sínu.

Þetta var fyrir meira en eitt þúsund árum. En þá einn og í dag hræpptu menn stundum vandræður. Naddoðdur lenti í vandræðum og rak af leið. Í stað þess að finna Fereyjar fann hann annað land. Það var Ísland þó það hét þá ekki í þá daga.

Hann gekk á þetta ómanna land og fór upp á eitt fjall til að sjá hvort þar væru einhverjir aðrir

3) Íslenska – Stafsetning og málfræði.

Málfræði- og stafsetningarsíðan

Eins og við höfum sagt frá fylgir lesköflum og sögum fjöldi verkefna í málfræði, ritun og öðrum þáttum íslenskunnar, en við erum líka með sérstaka síðu þar sem hægt er að nálgast bæði skýringar og æfingar í málfræði og stafsetningu. Má sjá forsíðu hennar hér fyrir neðan. Hægt er að nálgast hana beint af forsíðu Skólavefsins, en tengill er í hana í dálkinum lengst til hægri.

Á forsíðunni veljið þið annað hvort málfræði eða stafsetningu og þegar komið er að verkefnum eða æfingunum sjálfum getið þið sótt skýringar á prentformi, æfingar á prentformi og svo æfingar á vefsíðuformi. Stafsetningaræfingarnar eru þannig útbúnar að þær eru upplesnar og eiga nemendur að skrifa valin orð í eyður meðan þeir hlusta.



- **Forsíða íslensku málfræði- og stafsetningarsíðunnar**

<http://www.skolavefurinn.is/lok/kennarar/grunnskoli/islenska/malfraedi/index.htm>

- **Dæmi um gagnvirka stafsetningaræfingu**

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/islenska/malfraedisidan/stafsetningum_storan_staf_4.htm

- **Dæmi um gagnvirka málfræðiæfingu**

http://www.skolavefurinn.is/opid/islenska/malfraedi/gagnv_aefingar/no_kyn_tala_fall/kyn_tala_fall_2.htm

- **Dæmi um útprentanlega skýringu**

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/islenska/malfraedisidan/stafsetning/n_og_nn/reglur_ad_og_med_n_nn_.pdf

Gagnvirkur málfræðigrunnur Stigskiptar æfingar í almenntri málfræði

Í málfræði erum við að fara af stað með glæsilega nýjung sem nefnist Íslenskur málfræðigrunnur og tekur fyrir flesta almenna þætti í málfræði sem börn á grunnskólaaldri og í fyrstu bekkjum framhaldsskóla eiga að kunna skil á. Er hann þannig úr garði gerður að nemendur geta valið um eðli verkefnanna út frá völdum textum. Það er t.a.m. hægt að velja að finna öll nafnorð, öll nafnorð í nefnifalli, öll nafnorð í fleirtölu o.s.frv. Munum við byggja þennan grunn upp í allan vetur og kynna jöfnum höndum möguleika hans.

Handhægar vinnubækur til útprentunar

Þá bjóðum við einnig upp á útprentanlegar vinnubækur í málfræði og stafsetningu þar sem farið er yfir öll þau atriði sem kveðið er á um í námskrá fyrir þennan aldurshóp. Er komin góð reynsla á þessar bækur sem hafa hlotið góða dóma og reynst mörgum vel. Þið nálgist þær með því að smella á íslenska - málfræði í námsgreinalistanum vinstra megin á forsíðunni.

Forsíða íslensku og málfræði

http://www.skolavefurinn.is/opid/valmynd/islenska/malfrædi/bekkur_I_4.htm

Dæmi um málfræðiæfingu

http://www.skolavefurinn.is/opid/valmynd/islenska/malfrædi/bekkur_I_4.htm

Dæmi um stafsetningaræfingu

http://www.skolavefurinn.is/opid/valmynd/islenska/malfrædi/bekkur_I_4.htm

Útprentanleg vinnubók fyrir 3.-4. bekk

http://dev.ecweb.is/skolavefurinn/upload/files/attachments/islenska/vinnuhefti/isl_vinnu_bok_3_4_bekkur.pdf

www.ecweb.is Vinnubók 3. og 4. bekkur

* BENTALA OG FLERTALA *

Hú er ...  eitt _____	Hú er ...  þessi _____
 eitt _____	 ekklær _____
 eitt _____	 stórg. _____
 eitt _____	 tvo _____
 eitt _____	 þessi _____

www.ecweb.is Vinnubók 3. og 4. bekkur

* SÉRHLJÓÐAR OG SAMHLJÓÐAR *

Sérhliðu undir alla sérhljóðana.

„Vissir þú að Björn sat fastur í lyftu í tíu mínútur þegar rafmagnsið fór af?“

„Það er nú ekkert. Jón stóð í klukkutíma í rullustíganum í Kringsíðunni!“

Sérhliðu nokkur stöð sem byrja á sérhljóðna.

**Góðar vinnubækur
í íslenskri
málfræði.**

Sérhliðu nokkur stöð sem byrja á samhljóðna.

4) Stærðfræði – Fjölbreytt úrval af góðu efni

Í stærðfræði er hægt að nálgast fjölbreytt úrval af efni sem sniðið er að þessum aldurshópi. Þið smellið einfaldlega á stærðfræði í námsgreinadálkinum til vinstri á forsíðunni og veljið síðan 4. bekk

**Prentið ykkar eigin blöð fyrir börnin
Svör fylgja.**

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfaedi/ymslegt/utprentu_n_ordadaemi_forrit/valmynd.html

Efst á síðunni er að finna forrit þar sem þið getið útbúið ykkar eigin stærðfræðiblöð, hvort heldur er með dæmum sem þjálfá samlagningu, frádrátt, margföldun eða deilingu. Getið þið valið um þyngdarstig og smátt og smátt fíkrað ykkur áfram í það stig sem hentar hverju sinni. Þið getið meira að segja valið um myndir til að skreyta blöðin. Hér er á ferðinni hentug aðferð til að þjálfá börnin í þessum grunnþáttum stærðfræðinnar, enda skapar æfingin meistarann.



Stærðfræðipjálfi

Gagnvirk stærðfræði með talnagrind til hjálpar

Þá bjóðum við upp á gott gagnvirk forrit til að þjálfna áðurnefnda grunnfærniþætti í stærðfræði, þ.e. samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu. Til að hjálpa nemendum höfum við útbúið einfalda talnagrind fyrir neðan sjálf dæmin sem getur verið gott að grípa til.



Gagnvirk þjálfunarefni til æfa sig í margföldunartöflunum


Þá bjóðum við upp á gott gagnvirk forrit til að þjálfna sig í margföldunartöflunum sem eiga það til að stríða krökkum.

Gagnvirk forrit til að þjálfna sig í margföldunartöflum:

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfraedi/yomislegt/margfoldunartafla_forrit/margfoldunartafla_utgafa1.html

x	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
1	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
2	2	4	6	8	10	12	14	16	18	20
3	3	6	9	12	15	18	21	24	27	30
4	4	8	12	16	20	24	28	32	36	40
5	5	10	15	20	25	30	35	40	45	50
6	6	12	18	24	30	36	42	48	54	60
7	7	14	21	28	35	42	49	56	63	70
8	8	16	24	32	40	48	56	64	72	80
9	9	18	27	36	45	54	63	72	81	90
10	10	20	30	40	50	60	70	80	90	100

Gagnlegt forrit til að þjálfna margföldunartöflunum.



Dæmi um þjálfunarefni í stærðfræði

Víxlreglan

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfraedi/yomislegt/margfoldunartafla_forrit/margfoldunartafla_utgafa1.html

Þá bjóðum við upp á margvíslega leiki sem tengjast stærðfræðinni, svo og fjölda útprentanlegra hefta sem gott er að vinna í.

5) Enska – Gott efni fyrir byrjendur og lengra komna

Enskan er alltaf að færast neðar í grunnskólanum og því er nauðsynlegt að þjálfra sig vel þar strax í upphafi. Skólavefurinn býður upp á fjölbreytt kennsluefni í ensku fyrir alla aldurshópa, bæði gagnvirkt og útprentanlegt.

Kennslan okkar er að stórum hluta byggð á sögutextum en sögunum fylgja gagnvirkar æfingar af ýmsu tagi, gagnvirkar orðskýringar og upplestur.

Við mælum með eftirfarandi efni fyrir þennan aldurshóp, en þó fer það alltaf eftir því hvaða grunn börnin hafa í ensku hvar best er að byrja.



The screenshot shows a lesson page on the website skolavefurinn.is. The page title is 'Enska sögur úr ýmsum áttum' (English stories from various eras) with the subtitle 'The Wonderful Artisan' and author 'a. Aimes'. The main heading is 'Mik ið úrval af enskum sögum m/gagnvirkum orðskýringum.' (A great selection of English stories with interactive word explanations). The page features a green background with a small illustration of a book and a large illustration of a brown bull's head. The text is in English and includes a story snippet about a man who learned to fly. On the right side, there is a navigation menu with options: Síður, Adalmynd, Næsti kaflinn, Fyrri kaflinn, Upplæstur, Gagnvirkar æfingar, Eðlufingur, Orðskýringar, Til útprentunar, Kaflinn og vefurinn, and Leturáttir.

Dæmi um sögu á vef með gagnvirkum orðskýringum og æfingum:

http://www.skolavefurinn.is/_opid/tungumal/enska/bokmenntir/hofundar/nn/sogur/baldwin_sogur/wonderful_artisan/index.htm

Atvinna 1

				
a pilot	a broadcaster	a policeman	a washer	an electrician
				
a musician	a gardener	a plumber	a car salesman	a surgeon
				
a truck driver	a veterinarian	a dentist	a teacher	a secretary

Dæmi um orðaforða
æfingu í ensku.



Útþrentanleg saga með góðum verkefnum:

http://www.skolavefurinn.is/_opid/tungumal/enska/bokmenntir/hofundar/nn/sogur/baldwin_sogur/wonderful_artisan/I_perdix/I_perdix.pdf

Þá bjóðum við upp á úrval af gagnvirkum leikjum til að þjálfra orðaforða í ensku á einfaldan, skemmtilegan og áhrifaríkan hátt.

Orðaforðaæfing í ensku

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/enska/ordafordi/ord_og_myndir/Atvinna/example.htm


Ensku gagnvirku krossgáturnar okkar eru alltaf vinsælar hjá þessum aldurshópi og þá eru þær einnig mjög góð þjálfun í að tileinka sér orðaforða. Þær eru uppbyggðar þannig að börnin fá orð uppgefin á íslensku og eiga svo að skrifa ensku þýðinguna í reitina.

Við viljum vekja athygli á að sögurnar okkar eru flestar upplesnar og fylgja þeim gagnvirkar orðskýringar sem hjálpar nemendum að tileinka sér þyngri texta en ella.

Útprentanleg atriðabundin málfræði- og verkefnahefti

Þá bjóðum við upp á vönduð útprentanleg æfinga- og verkefnahefti í ensku og bætist reglulega við nýtt efni.

Þið nálgist námsefnið í ensku með því að velja ensku í námsgreinadálkinum til vinstri á forsíðu og síðan getið þið valið um lesskilning, orðaforða o.fl.



6) Leikjasíðan

Á leikjasíðunni má finna alls kyns skemmtilega leiki fyrir alla aldurshópa, sem allir hafa þann tilgang að þroska ákveðna færniþætti og/eða auka við þekkingu.

Eins og áður sagði er hér einungis stiklað á stóru og snert á litlu broti af því efni sem er að finna undir hverjum flokki fyrir þennan aldurshóp. Vonandi sýnir þetta þó möguleikana og hjálpar ykkur að feta ykkur áfram um vefinn. Góða skemmtun!



Samlagningarvæðing
Fyrsta stig

Leikbeiningar
Þegar þú hefur leikið að mál 10 stigum færstu sjá þrófa fram á næsta þraut.

Spurning:
1
Stig:
0

Upphafsla

Fyrsta þraut

Aumanga Form! Samlagning hefur aldrei verið hans sterkasta fag. Geturðu hjálpað Form, Mýsku og Ljöna að reikna nokkur samlagningardæmi.

4
+ 7
=

Festa

Dæmi um leik í stærðfræði.







7) Landafræði

Þó svo að krakkar í 4. bekk séu enn ekki byrjaðir að læra landafræði og sögu með skipulögðum hætti er margt á Skólavefnum sem hentar vel og gagnlegt er að skoða og kynna sér til að búa sig undir það nám sem hefst í 5. bekk.

Má þar t.a.m. nefna leikinn að lita lönd og heimsálfur sem er alltaf jafn vinsæll meðal krakkanna.

Þið nálgist landafræðiefnið með því að smella á námsgreinina landafræði á vinstri dálki forsíðunnar. Síðan skoðið þið það sem í boði er og smellið á það sem vekur áhuga ykkar.



8) Saga

Í sögu bjóðum við upp á upp á fjölbreytt úrval af skemmtilegu og áhugaverðu efni, bæði í vefútgáfu og til útprentunar. Þar má t.a.m. nefna liðinn Fólk í sögunni, þar sem krökkunum eru kynntar merkar persónur úr fortíðinni.

Þið nálgist söguefnið með því að smella á námsgreinina saga á vinstri dálki forsíðunnar.



Skolavefurinn kynsir

Setningamyndir af
fólki úr sögunni.
Verkefni fylgja.

FÓLK í SÖGUNNI

ekla öðlma
en ju erir abada

9.	10.	11.	12.	13.	14.	15.	16.	17.	18.	19.	20.
ök	ök	ök	ök	ök	ök	ök	ök	ök	ök	ök	ök



Jonathan Swift

1667-1745

Höfundur sagnanna um
Gúlliver

9) Krakkasíðan

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/krakkar/index.htm>

Þá minnum við enn og aftur á krakkasíðuna okkar sem hefur að geyma fjölbreytt úrval af alls kyns efni fyrir börn frá 6-10 ára og jafnvel eldri ef út í það er farið. Verkefni eru þó mismunandi eftir aldurshópum. (Hægt er að fara á krakkasíðuna beint af forsíðu með því að smella á tengilinn með því nafni í námsgreinadálkinum til vinstri, en svo er einnig að finna tengil í síðuna lengst til hægri á forsíðunni undir liðnum Áhugavert.)



Sögur

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/krakkar/flokkun/sogur/index.htm>

Á krakkasíðunni er hægt að nálgast fjöldann allan af sögum í alls kyns útfærslum, myndskreyttar og upplesnar. Auk hefðbundinnar vefútgáfu eru sumar boðnar í því sem við köllum flettibókaútgáfu, en þar eiga börnin sjálf að fletta blaðsíðum með músinni. Sögurnar eru myndskreyttar og upplesnar. Að sjálfsögðu eru allar sögurnar einnig fáanlegar í prentvænni útgáfu.

http://www.skolavefurinn.is/ opid/islenska/bokmenntir/hofundar/hc_andersen/index.htm#forunauturinn

Fróðleikur

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/krakkar/flokkun/frodleikur/index.htm>

hér er hægt að nálgast valda fróðleiksmola úr ýmsum áttum. Eru þeir bæði settir fram í sérstakri útprintanlegri útgáfu, svo og í vefsíðuútgáfu þar sem sums staðar er hægt að teikna með músinni svo eitthvað sé nefnt.

Það er tilvalið að fá börnin til að skoða einn fróðleiksmola í viku hverri. Lauflétt verkefni fylgja hverjum fróðleiksmola. Nýir fróðleiksmolar bætast við með reglulegu millibili.



Leikir og þrautir



Undir þessum lið á krakkasíðunni er hægt að nálgast fjöldann allan af alls kyns gagnvirkum leikjum og þrautum, sem miða að því að þjálfra ýmsa færniþætti með börnunum og/eða miðla fróðleik. Má þar nefna **minnisleiki** alls konar, leiki þar sem barnið á að **tengja orð við mynd, útprentanlegar litabækur, púsl, dansandi orð** o.fl. Þá er einnig rétt að benda á almennu leikjasíðuna þar sem hægt er að nálgast uppbyggilega þjálfunarleiki á borð við Tetris, Finndu músina, Fúsi flugmaður og marga fleiri leiki.

- **Leikir og þrautir**

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/krakkar/flokkun/leikir/index.htm>

- **Ýmsir leikir**

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/almennt/leikir/index.htm>

Við minnum svo enn og aftur á að hér er einungis um brot að ræða af því efni sem er að finna á síðunni okkar fyrir þennan aldurshóp, og er þetta fyrst og fremst hugsað sem byrjunarpunktur.

Hér einungis stiklað á stóru og snert á litlu broti af því efni sem er að finna undir hverjum flokki fyrir þennan aldurshóp. Vonandi sýnir þetta þó möguleikana og hjálpar ykkur að feta ykkur áfram um vefinn.

Góða skemmtun!

Hægt er að fá áskrift á

www.skolvafurinn.is

eða

panta áskrift í síma

551 6400